

Heill og sæll kæri viðtakandi,

Hvernig líður þér í dag? Var tekið vel á móti þér í vinnunni í morgunn? Tilheyrir þú hópnum í þínu samfélagi?

Ef við gætum skannað samfélagið þitt þá myndum við líklega finna út að tveir af hverjum tíu eru að eiga við einhverskonar vanlíðan vegna lesblindu. Hvað gætu það verið margir einstaklingar í þínu samfélagi?

Lesblind börn fyllast kvíða og óöryggi þegar viðfangsefnið er textinn í skólabókinni. Þessi vanlíðan setur mark sitt á börnin ævilangt.

Kastljósi félags lesblindra er því nú beint að hverskonar vanlíðan lesblindra barna og fullorðinna. Kvíði, þunglyndi, vanmat á eigin getu og ótti falla undir vanlíðan þessa hóps svo eitthvað sé nefnt. Til þess að koma jákvæðri lausnamiðandi umræðu af stað um málefnið mun félag lesblindra bjóða til ráðstefnu í byrjun maí.

Dr. Edwin K. Yager P.hd. mun verða gestafyrirlesari ráðstefnunnar. Dr. Yager hefur nýtt lungann af ævi sinni í að þróa aðferð sem hjálpar einstaklingum að finna rótina að vanlíðan sinni, og þar með uppræta hana. Aðferðina hefur Dr. Yager kennt um allan heim. Hann er starfandi sálfræðiprófessor í læknadeild háskólans í San Diego. Hann tekur líka á móti einstaklingum á einkaskrifstofu sinni. Aðferð hans getur verið lausn fyrir fólk almennt sem á við einhverskonar vanlíðan að etja.

Ráðstefna sem þessi kostar um 2.000.000 króna en til að sem flestir geti sótt hana verður aðgangur frír. Ráðstefnan verður þó sérstaklega ætluð kennurum, námsráðgjöfum, íþróttajálfurum og foreldrum.

Við viljum því bjóða þínu samfélagi að hjálpa okkur að vekja athygli á vanlíðan lesblindra barna og styrkja framtakið um **25.000kr.**

Með fyrir fram þökk,

Guðmundur S. Johnsen

Formaður félags Lesblindra á Íslandi

PS. ef þetta netfang er ekki ætlað fyrir svona fyrirspurn bið ég þig að áfram senda það á þann sem hefur með þessar ákvarðanir að gera, og ber ég fyrir mig lesblinduna núna, því það er flókið að lesa sig í gegnum upplýsingarnar á heimasíðunni til að finna hver ætti að fá þessa fyrirspurn, einnig værum við afar þakklát ef það væri hægt að svara okkur, hvort sem svarið er jákvætt eða neikvætt.

PPS. fyrir þá sem eru fljótir að taka ákvörðun og vilja styðja okkur þá er hér upplýsingar um félagið og bankareikninginn.

[Krækja á stjórnina](#)